



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Náttúrustofa Vestfjarða Ársskýrsla 2010

Hulda Birna Albertsdóttir
Þorleifur Eiríksson

NV nr. 22-10

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	2
Inngangur	3
Hlutverk	3
Skipulag	3
Stjórn	5
Starfsmenn	6
Starfsemi	7
Verkefni 2010	11
Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	18
Ósvör - Sjóminjasafn	18
Samtök Náttúrustofa (SNS)	18
Samstarf og nefndir	20
Niðurlag	20
Skýrslur ársins 2010	22

Ávarp formanns

Það hefur löngum verið trú margra að fátt sem tengist vísindum og rannsóknum geti þrífist á landsbyggðinni. Ófáir hafa á því skoðanir og stundum mætti halda að sumir telji það forsendu árangurs að rannsóknastofnanir skuli vera í göngufjarlægð hver frá annarri.

Þeir sem hafa kynnt sér starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða sjá hinsvegar að slíkar kenningar um landfræðilega legu rannsóknastofnana eru kolrangar. Náttúrustofa Vestfjarða hefur nú í drjúgan áratug stundað rannsóknir sem hafa aukist að umfangi, afrakstri og gæðum og árið 2010 var met ár bæði hvað varðar fjölda rannsóknaverkefna og fjölda starfsmanna sem störfuðu á einhverjum tíma fyrir Náttúrustofuna.

En hvað leiðir til slíks árangurs? Á síðastliðnum árum hefur Náttúrustofan fest sig í sessi sem rannsóknastofnun sem treyst er til flókinna rannsókna og má í því sambandi nefna rannsóknir á sviði umhverfismats, vegna vegaf framkvæmda og fiskeldis. Það er ánægjuefni að ítrekað er leitað til náttúrustofunnar eftir umsögnum eða álitum og ber það glöggt merki mikilvægi Náttúrustofu Vestfjarða.

Ennfremur er það svo að minni rannsóknastofur, staðsettar á landsbyggðinni bjóða upp á persónulegri þjónustu og eru almennt í betri tengslum við umhverfi sitt en stórar stofnanir sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þetta vill því miður allt of oft gleymast og því er róðurinn oft á tíðum erfiður enda er sókn eftir styrkjum úr rannsóknasjóðum bæði tímafrek og dýr vinna.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur þrátt fyrir allt sýnt og sannað að hlutverk hennar er mikilvægt hvort sem litið er til mikilvægis vegna búsetuskilyrða á landsbyggðinni eða hlutdeildar í vísindarannsóknum á Íslandi.



Þorleifur Ágústsson

Inngangur

Náttúrustofa Vestfjarða starfar eftir lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992. Með breytingu á lögum árið 2002 færðust náttúrustofurnar frá ríki til sveitarfélaga en þó með áframhaldandi fjárhagslegum stuðningi frá ríkinu. Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi í ársbyrjun 1997 og er árið 2010 því þrettánda starfsárið.

Verkefni Náttúrustofunnar eru meðal annars öflun upplýsinga um náttúru Vestfjarða og gera þær aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Náttúrustofan hefur einnig verið að auka vinnu sína í kortagerð. Náttúrustofa Vestfjarða tekur að sér margvísleg verkefni á þessu sviði fyrir; sveitarfélög, stofnanir eða einkaaðila.

Hlutverk

GAGNASÖFNUN: Að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufræði og stunda vísindalegar náttúrufræðisráðgjöf, einkum í þeim landshlutum sem stofnanir starfa

FRÆÐSLA: Að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd, veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga

RÁÐGJÖF: Að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæðum stofnanna upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofnanna samkvæmt ákvörðun stjórnna náttúrustofna hverju sinni

ÞJÓNUSTA: Að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verkswiði stofnanna að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra

EFTIRLIT: Að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Skipulag

Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða eru margvísleg en hún sinnir grundvallarþjónustu í ráðgjöf um náttúrufræði og umhverfismál fyrir sveitarfélög og almenning. Hún vinnur einnig að grunnrannsóknum í náttúruvísindum. Stofan hefur samstarfssamning við Náttúrufræðistofnun Íslands um gróðurkortagerð og vöktunum á fuglum og fiðrildum. Stofan vinnur líka að sérstökum verkefnum fyrir stofnanir og fyrirtæki gegn greiðslu. Nánar um verkefni Náttúrustofunnar í *Verkefni 2010* kaflanum hér á eftir.

Þar sem verkefni stofunnar eru af svo margvíslegum toga er nauðsynlegt að skipuleggja reksturinn formlega samkvæmt því, sérstaklega hvað varðar fjármögnun. Af þessum sökum starfar Náttúrustofan í fimm deildum auk þess að sjá um rekstur Náttúrugripasafnsins og Ósvarar.

Náttúrustofunni er skipt upp í deildir en skiptingin er fyrst og fremst formleg, en starfsmenn sinna verkefnum eftir starfsviði hvers og eins, óháð deildunum. Deildirnar skiptast í:

Stofndeild

Á Stofndeildinni er grunnstarfsemi Náttúrustofunnar, heimasíða og bókasafn. Hún sér um húsnæði, tækjabúnað og aðra aðstöðu. Starfsmenn eru ráðnir á stofndeildina. Aðrar deildir og/eða verkefni greiða síðan fyrir aðstöðu, tækjabúnað og starfsfólk.

Rannsóknardeild

Innan rannsóknardeildarinnar er unnið að rannsóknum á verksviði stofunnar og verkefni, sem eru oft fjármögnuð með styrkjum.

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild er fjárhagslega sjálfstæð eining innan Náttúrustofu Vestfjarða. Innan þeirrar deildar er séð um verk sem unnin eru gegn greiðslu að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem mat á umhverfisáhrifum, athuganir vegna starfsleyfa og aðrar þjónusturannsóknir.

Þróunardeild

Innan þróunardeildarinnar eru samsstarfsverkefni á milli Náttúrustofu Vestfjarða og hlutaðeigandi sveitarfélaga og stofnana þeirra. Hér eru líka rekin samstarfsverkefni við háskóla og rannsóknarstofnanir.

Fornleifadeild

Fornleifadeild er fjárhagslega sjálfstæð eining. Innan þeirrar deildar er séð um verk á sviði fornleifafræðarinnar.

Náttúrugripasafn og Ósvör

Náttúrustofan sér um Náttúrugripasafnið og Ósvör og er hvort um sig sjálfstæð rekstrareining. Sú vinna sem starfsmenn Náttúrustofunnar vinna í söfnunum skráist á þau.

Stjórn

Samkvæmt lögum skipa sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu þriggja manna stjórn og skal einn þeirra vera formaður.

Formaður:

Þorleifur Ágústsson- Tilnefndur af Ísafjarðarbæ

Til vara: Hildur Halldórsdóttir

Meðstjórnendur:

Jóhann Hannibalsson- Tilnefndur af Bolungarvíkurkaupstað

Til vara: Sólrún Geirsdóttir

Valgeir Rúnar Hauksson- Tilnefndur af Súðavíkurhreppi

Til vara: Barði Ingibjartsson.

Starfsmenn



Dr. Þorleifur Eiríksson

Dýrafræðingur

Forstöðumaður



Anna Guðrún Edvardsdóttir

Sérfræðingur



Hafdís Sturlaugsdóttir

Landnýtingarfræðingur



Böðvar Þórisson

Líffræðingur



Helga Jónsdóttir

Ræstingar



Cristian Gallo

Vistfræðingur



Hulda Birna Albertsdóttir

Umhverfisskipulagsfræðingur



Finnbogi Bernóðusson

Safnvörður



Jóhann Hannibalsson

Safnvörður/sérverkefni



Georg Haney

Umhverfisfræðingur



Katharina Sommermeier

Landfræðingur



Guðrún Steingrímsdóttir

Rannsóknarmaður



Kristjana Einarsdóttir

Líffræðingur



Gunnar Sigurðsson

Skrifstofustjóri/rannsóknarmaður



Margrét Hallmundardóttir

Fornleifarfræðingur

Deildarstjóri fornleifardeildar



Arastou Gharibi

Mastersnemi



Sandra Borg Bjarnadóttir

Sérverkefni



Arngrímur Kristinnsson

Sérverkefni



Sóley Valdimarsdóttir

Umhverfisskipulagsfræðingur



Guðríður Svava Óskarsdóttir

Sérverkefni



Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Fornleifafræðingur

Sérverkefni



Kristín Hálfánardóttir

Sérverkefni



Þorgerður Þorleifsdóttir

Sérverkefni



Lóa Júlía Antonsdóttir

Sérverkefni



Þorleifur Ágústsson

Dýralífeðlisfræðingur

Sérverkefni



Pavel Piszcz

Sérverkefni



Þorgeir Egilsson

Sérverkefni

Starfsemi

Bókasafn

Á bókasafni stofunnar er stöðugt unnið að söfnun heimilda um náttúru og umhverfismál Vestfjarða. Stofan leggur áherslu á að geyma skýrslur sem oft eru í litlu upplagi og erfitt að finna. Heimildir eru um hvað er hægt að finna á heimasíðu stofunnar, en mikið vantar í þann lista, og er markmiðið að bæta stöðugt við hann eftir því sem bókasafnið stækkar.

Sýnasafn

Í rannsóknum Náttúrustofunnar á smádýrum hefur safnast umtalsvert sýnasafn, bæði af smádýrum úr sjó, vötnum og þurrlendi. Mjög misjafnt er eftir verkefnum hversu ítarlega er unnið úr sýnum, þannig að í sýnasafninu eru enn fjöldi af upplýsingum. Safnið er opið öllum þeim sem hafa þekkingu til að vinna úr þeim.



Mynd 1. Sýni af hafsbolti.

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Vestfjarða var með svipuðu sniði og verið hefur. Á síðunni eru upplýsingar um stofuna og helstu verkefni. Til dæmis eru þar hægt að nálgast matskýrslur og sérfræðiskýrslur úr umhverfismatsverkefnum sem stofan hefur unnið að. Þar er líka komið á framfæri fréttum um náttúru Vestfjarða. Þess má geta að fréttavefurinn bb.is tekur oft fréttir af heimasíðunni og lesa því mun fleiri þessar fréttir, en heimsækja síðuna. Stefnt er að því að gera heimasíðuna að öflugum upplýsingakerfi fyrir almenning.

Fræðsla

Eitt af hlutverkum Náttúrustofunnar er að veita almenningi fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði. Þessu hlutverki sínu sinnir stofan með margvíslegum hætti, m.a. með fræðsluerindum um náttúru og umhverfisfræði, kennslu og gerð kennsluefnis fyrir leik- og grunnskóla, námskeiðahaldi og miðlun upplýsinga og fróðleiks á heimasíðu stofunnar. Aðstoð við almenning er vaxandi hluti af starfsemi stofunnar. Skordýragreiningar eru stór hluti af þeirri aðstoð. Fólk finnur skordýr heima fyrir sem það vill láta greina og athuga hvort þurfi að kalla á meindýraeyði.

Náttúrustofa Vestfjarða tók að sér að kenna áfangann **Gróður og Dýralíf** (GOD102) við svæðisleiðsögunám á Vestfjörðum og Dölum. Hafdís Sturlaugsdóttir sá um kennslu um gróður og dýralíf annað en fugla, sem Böðvar Þórisson sá um.



Mynd 2. Dagur umhverfisins, 25. apríl.

Dagur umhverfisins var haldinn hátíðlegur um allt land þann 25. apríl síðastliðinn en á þeim degi árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson, fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Í tilefni að deginum var farið í fjöruferð og voru allir velkomnir. Þar sem dagur umhverfisins í ár var tileinkaður líffræðilegri fjölbreytni var ákveðið að skoða þangfjöru en í þeirri fjöruferð er fjölbreytnin sýnileg á öllum tímum árs. Áður en farið var í fjöruna og hélt Þorleifur tölu um fjörur og dag umhverfisins.

Þann 13. júní var **dagur hinna villtu blóma** haldinn hátíðlegur. Um er að ræða árlegan viðburð sem skipulagður er af flóruvinum. Farið var í gönguferð og skoðaðar plöntur og blóm sem fundust á leiðinni. Starfsmenn Náttúrustofunnar sáu um leiðsögn á Hólmavík og Ísafirði. Þátttakan var góð í ár, 8 manns hittust til að skoða plöntur á Hólmavík en 17 manns á Ísafirði.



Mynd 3. Dagur hinna villtu blóma.

Þann 11. ágúst flutti Þorleifur Eiríksson erindið „**Karlinn ræður engu og konan veit ekki hvað hún gerir**“ í tilefni Ástarvíkunnar í Bolungarvík. Í erindinu fjallaði Þorleifur um makaval og þær aðferðir sem ýmsar dýrategundir nota til að ganga í augun á einstaklingum af gagnstæða kyninu. Þorleifur varpaði upp mjög skemmtilegri mynd af þróun slíkra aðferða og notaði eigin rannsóknir til sönnunar á að þessar aðferðir eru bæði flóknar og kostnaðarsamar. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur en þar voru um 60 gestir.



Mynd 4. Erindi á Náttúrugripasafni Bolungarvíkur í tilefni Ástarvikunnar.

Hafdís Sturlaugsdóttir hélt fyrirlestur á aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða í október um **gróður á Vestfjörðum.**

Skólasamstarf

Náttúrustofa Vestfjarða tekur á móti mörgum skólahópum á hverju ári í samvinnu við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur. Bæði er um að ræða skoðunarferðir þar sem safnið er skoðað undir leiðsögn starfsmanna Náttúrustofunnar, en einnig vinnuferðir þar sem nemendur hlýða á fyrirlestra og leysa ákveðin verkefni sem unnin eru í samvinnu Náttúrustofunnar og kennara.



Mynd 5. Grunnskóli í heimsókn á Náttúrugripasafninu.

Skólaheimsóknir á Náttúrugripasafnið í Bolungarvík voru í færri kantinum miða við fyrri ár. Leikskólabörn komu í heimsókn 1. október og skoðuðu ný vígða sýningu um Bolungarvíkurgöng. Nánari upplýsingar um starfsemi Náttúrugripasafnsins á árinu 2010 er að finna í Ársskýrslu Náttúrugripasafns Bolungarvíkur 2010.

Kennsla á háskólastigi

Dr. Þorleifur Eiríksson tók að sér að leiðbeina mastersnema í Haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða. Mastersneminn heitir Arastou Gharibi og gerði Náttúrustofan samning við

háskólasetrið um verkefnið og að neminn nýtti sér gögn og aðstöðu Náttúrustofunnar. Út af verkefni Arastou framkvæmdi Náttúrustofan umfangsmikla sýnatöku.

Verkefni 2010

Verkefni Náttúrustofunnar voru margvísleg árið 2010 en mikið var unnið á sviði umhverfisáhrifa og kortlagningar.

Mat á umhverfisáhrifum

Náttúrustofan vann nokkrar grunnskýrslur fyrir mat á umhverfisáhrifum á árinu. Unnar voru tvær fornleifakannanir vegna framkvæmda, önnur var í Arnafirði vegna framkvæmda við Mjólkárverkjun en hin vegna veglagningar í Steingrímsfirði. Einnig var gerð skýrsla fyrir Vegagerðina um fugla á botni Álftafjarðar í Ísafjarðadjúpi og athugun á leiru við Stakkanes í botni Steingrímsfjarðar.

Unnin var skýrsla á mati á áhrifum vegna framkvæmda á landslag milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði en sú skýrsla verður gefin út 2011.

Skoðuð var náma í botni Vatnsfjarðar á Barðströnd og gerð tillaga um frágang á henni.

Fiskeldisrannsóknir

Náttúrustofan vann ýmsar rannsóknir fyrir fyrirtæki og einkaaðila í fiskeldi á árinu. Gerðar voru botndýrarannsóknir á þremur svæðum í Arnafirði þar sem Fjarðarlax ætlar að vera með laxeldi. Unnar voru einnig súrefnis-, seltu- og hitamælingar á þremur svæðum í Arnafirði. Mælingarnar eru liður í grunnrannsóknum vegna fyrirhugaðs laxeldis í sjókvíum í Arnafirði. Tekin voru botnsýni í Dýrafirði í apríl vegna athugunar á botndýralífi vegna matskyldu á fiskeldi að beiðni Dýrfisks ehf. Einnig voru gerðar athuganir á botndýralífi fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvör (HG) í Seyðisfirði og Álftafirði.



Mynd 6. Fiskeldiskví í Seyðisfirði.

Íslenskir firðir: Náttúrulegt lífríki Ísafjarðardjúps og þolmörk mengunar



Mynd 6. Sýnataka.

Meginmarkmið verkefnisins er að skilgreina náttúrulegt lífríki Ísafjarðardjúps og þolmörk mengunar sérstaklega m.t.t. uppsöfnunar lífrænna efna á botni og hugsanlegrar næringarefna auðgunar. Í verkefninu hefur lífríki í botnseti verið rannsakað og vísitægundir skilgreindar. Ennfremur hefur verið lagt mat á uppsöfnunarhraða lífrænna efna á hafsbotni.

Verkefnið er unnið í samvinnu Náttúrustofu Vestfjarða, Háskóla Íslands og Matís ohf. Verkefnisstjórn er í höndum Ólafs Ögmundarsonar, verkefnastjóra hjá Matís. Verkefninu lýkur í apríl 2012.

Möguleikar á sameldi atlantshafsporsks og kræklinga.

Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við Matís, Líffræðistofnun háskólans og Vesturskel ehf fengu styrk úr AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi til að kanna möguleika á sameldi atlandshafsporsks og kræklinga.

Meginmarkmið verkefnisins er að meta hvort næringarauðgun sem myndast við eldi þorsks í sjókvíum hafi jákvæð áhrif á vöxt kræklinga, gæði og nýtingarmöguleika hans til mannelis.

Fjöleldi af þeirri gerð sem hér um ræðir stuðlar að betri fóðurnýtingu þar sem afgangsefni fóðursins sem ekki nýtist fisknum skapar aðstæður sem kræklingurinn getur nýtt sér til aukins vaxtar. Gengið var frá áfangaskýrslu árið 2010 og sótt um áframhaldandi verkefnastyrk til AVS.

Fuglaskoðunarstaðir

Unnin var skýrsla um athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fuglaskoðun er stór atvinnuvegur í mörgum löndum enda getur fjölbreytnin þar verið mikil og einstaka lönd haft hátt í 1000 varptegundir. Á Íslandi eru árlegar varptegundir um 75-80 og keppum við því ekki við önnur lönd um fjölbreytnina. Þrátt fyrir þessa fæð þá nefna 73% erlendra ferðamanna á Vestfjörðum að fuglaskoðun sé eitt af þeirra áhugasviðum. Valin voru sex aðal svæði á sunnanverðum Vestfjörðum: Dynjandi, Vatnsdalsvatn, Rauðasundur, Látrabjarg, Sveinseyri við Tálknafjörð og Bíldudalsvogur. Niðurstöður þessara athuganna sýna að almennt sé besti tíminn til fuglaskoðunar um

miðjan eða seinni part maí. Flestar tegundir sáust á þeim tíma en einnig voru fuglarnir áberandi við fæðuöflun á leirunum og tilhugalífið hjá þeim í fullum gangi.

Örnefnaskráningar í Dalabyggð

Náttúrustofan vann að örnefnaskráningu í Dalabyggð í samvinnu við Breiðarfjarðarnefnd. Skráning örnefna fer fram á kort og útkoma þeirra skýrsla með örnefnaupplýsingum ásamt kortum af hverri jörð. Teknar verða jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirðinum. Skráningarnar hófust árið 2009 en skráðar voru einnig fornleifar árið 2010. Seinni hluta árs 2010 var ákveðið að halda áfram með að skrá örnefni, en sleppa forleifaskráningunni og verður það gert árið 2011.

Gróðurkortagerð

Náttúrustofa Vestfjarða í samvinnu við Náttúrufræðistofunun Íslands hefur verið að vinna að gróðurkortagerð á Íslandi síðan haustið 2007. Aðallega var unnið að því að staðfæra eldri gögn af hálendi Íslands. Þau gögn eru notuð í vistgerðaflokkun hálendisins.

Náttúrustofan hefur þrjú starfsmenn í gróðurkortagerðinni í tveimur stöðum, en starfsmennirnir vinna einnig að öðrum verkum.



Mynd 8. Bláklukka á Vestfjörðum.

Náttúrustofan hefur hafið gróðurkortagerð á Vestfjörðum, en sú vinna hefur verið í lámarki vegna kortlagningarinnar á hálendinu, sem gengur fyrir. Áætlað er að starfsmenn Náttúrustofunnar skrái gróður á Vestfjörðum þegar kortlagningu á hálendinu verður lokið.

Varpfuglagrunnur

Náttúrustofa Vestfjarða, í samvinnu við Náttúrufræðistofunun Íslands, hefur verið að byggja upp grunn um stöðu varpfugla á Vestfjörðum og taka mælingar á þéttleika mófugla (varpfugla). Lögð er áhersla að kanna stöðu varpfugla á svæðum sem skráningum er ábótavant. Sumarið 2010 var farið í Selárdal í

Arnarfirði og aðra dali í nágrenni til að kanna varpfugla á því svæði en þar eru skráningar ábótavant. Þar voru einnig gerðar þéttleikathuganir.

Kortlagning á ágengum tegundum í Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær gerði samning við náttúrustofuna um að greiða kostnað við kortlagningu ágengra tegunda í Ísafjarðabæ. Aðal tegundirnar sem voru skráðar voru: lúpína, kerfill og sigurskúfur. Þessar upplýsingar verða notaðar til að reyna stjórna og hindra útbreiðslu þessara planta.

Grasagarðar Vestfjarða

Grasagarðar Vestfjarða er verkefni sem komið var á fót sumarið 2010. Ákveðið var að setja upp sýningu sem miðlar þekkingu á sérstöðu vestfirskis gróðurfars og auðveldi fólki að kynnst þeim plöntum sem eru á svæðinu.



Mynd 9. Beð hlaðið í Grasagörðum Vestfjarða.


Sumarið 2010 var ráðinn sumarstarfsmaður til undirbúningsvinnu fyrir grasagarðinn í Bolungarvík. Hafist var handa við að hlaða þrjú upphækkuð beð í þeim hluta grasagarðsins sem snýr að Vitastíg. Hleðslurnar voru gerðar úr náttúrulegu grjóti. Birgir Bjarnason í Miðdal gaf góðfúslegt leyfi fyrir að efniviðurinn í hleðsluna yrði tekinn á hans landi og aðstoðuðu ýmsir starfsmenn Náttúrustofunnar við söfnun grjótsins. Á því svæði sem snýr að Aðalstræti var gert annað beð afmarkað með hellum auk þess sem grafið var fyrir tjörn og votlendi sem voru klædd að innan með jarðvegsdúk til að halda vatninu. Þegar beðin voru tilbúin var byrjað að safna plöntum. Farið var í tvær stuttar söfnunarferðir en auk þess tóku starfsmenn Náttúrustofunnar með sér plöntur þegar þeir fóru í vettvangsferðir. Þar sem nokkuð var liðið á sumarið þegar hægt var að byrja að safna plöntunum var ekki safnað í langan tíma heldur ákveðið að bíða með frekari söfnun til vorsins 2011. Þegar hætt var að safna var fjöldi tegunda u.þ.b. 80.

Vöktun vistgerða

Náttúrustofa Vestfjarða vinnur að skipulagi vistgerðavöktunar í samvinnu við Náttúrufræðistofunun Íslands. Unnið er að ákvörðun þátta sem þarf að vakta og hversu tíð vöktun þarf að vera. Einnig var unnið að vali reita og gerðar grunnathuganir á gróðri og hafin skipuleg söfnun á smádyrum.

Vöktun fiðrilda

Vorið 2010 byrjaði Náttúrustofa Vestfjarða, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, langtíma vöktunarverkefni náttfiðrilda. Tvær ljósgildrur voru settar upp á Vestfjörðum, ein í Syðridal nálægt Bolungarvík og önnur í Þiðriksvalladal nálægt Hólmavík. Búsvæðin sem valin voru fyrir gildrurnar eru svipuð á báðum stöðum. Lyngmói og graslendi í



Mynd 10. Fiðrildaljósgildra.

Syðridal og lyngmói í Þiðriksvalladal. Rannsóknin árið 2010 byrjaði í júní og endaði í nóvember. Sýnum var safnað vikulega og þau greind. Í Syðridal náðust 5373 eintök sem tilheyrðu 26 tegundum. *Entephria caesiata* var 70% og *Eana osseana* 13,5% af veiddum eintökum. Í Þiðriksvalladal veiddust 3178 eintök (24 tegundir) og voru sömu tvær tegundirnar algengastar báðar með um 40% af heildar veiddum eintökum. Nokkrar sérkennilegar tegundir fundust: fimm eintök af *Autographa gamma*, eitt eintak af *Rhyacia quadrangula* og eitt eintak af *Zeiraphera griseana*.

Sóley

Í vor byrjaði Náttúrustofan þátttöku í rannsóknarverkefninu Sóley. Markmið þess verkefnis er að greina og skilja áhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi. Um er að ræða langtíma vöktunarverkefni á tímasetningu blómgunar ákveðinna plöntutegunda. Með verkefninu verður til mikilvægur gagnagrunnur um lífríki Íslands sem hægt verður að nota til að bera saman við hliðstæðar erlendar rannsóknir. Aðstandendur verkefnisins eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson hjá Stofnun Sæmundar fróða, Kristín Svavarsdóttir hjá Landgræðslu ríkisins og Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor í grasafraði við Háskóla Íslands en Þóra er jafnframt verkefnisstjóri.



Mynd 11. Hrafnaklukka.

Sumarið 2010 voru þegar komnir þátttakendur á 14 stöðum á landinu og er með tvo þeirra. Hafdís Sturlaugsdóttir sér um verkefnið í Steingrímsfirði og Kristjana Einarsdóttir í Bolungarvík. Einnig var Náttúrustofan með samvinnu við Ásu Ketilsdóttur í Skjaldfannardal í Ísafjarðardjúpi sem var þriðji þátttakandinn í verkefninu á Vestfjörðum. Farið var á kynningarnámskeið á vormánuðum í Skaftafelli. Þá fengu starfsmenn Náttúrustofunnar heimsókn frá aðstandendum verkefnisins um mánaðamótin maí-júní. Í þeirri heimsókn var endanleg ákvörðun tekin um rannsóknarsvæði og þær tegundir sem fylgst yrði með á hverju svæði og starfsmönnum stofunnar komið af stað í verkefninu.

Landamerkjaskráning

Hafist var handa við að skrá landamerki á jörðum í samvinnu við Bolungarvíkurkaupstað. Búið er að merkja landamerki Meira- Hrauns, Minna- Hrauns og Kroppstaða.

Fornleifadeild

Fornleifadeild Náttúrustofunar hafði í nægu að snúast. Í apríl voru teknir könnunarskurðir vegna Urtagarðs í Nesstofu á Seltjarnarnesi.

Í maí vann Margrét Hallmundsóttir fornleifafræðingur að því, ásamt safnstjóra Lækningarminjasafns að setja upp sýningu á fornleifarannsóknnum sem gerðar hafa verið í Nesi í síðan árið 1989. Sýningin ber nafnið *Saga og framtíð, fornleifarannsóknir á vestursvæðum*. Farið er yfir rannsóknarsögu í Nesi auk þess sem gripir sem grafnir hafa verið upp í Nesi eru til sýnis.

Í byrjun júní komu nemar frá Bretlandi og Skotlandi til starfa við fornleifarannsóknir á vegum deildarinnar. Nemarnir byrjuðu á því að grafa á Strákatanga á Ströndum, en héldu síðan á Suðurland að vinna að uppgrefti í Koti á Rangárvöllum. Náttúrustofan hefur staðið að rannsóknnum í Koti síðan 2005.



Mynd 12. Nemar frá Bretlandi og Skotlandi við störf við fornleifarannsóknir á Strákatanga á Ströndum.

Í maí var unnið að skýrslu um fornleifarannsóknina á Þingvöllum sem fór fram á síðasta sumri og Sice Juel Hansen fornleifafræðingur var ráðinn til að skrá og ganga frá gripum úr Þingvallarannsókn.

Í júní var gerð rannsókn og skráning vegna framkvæmda í Flatey á Breiðarfirði og jafnframt var framkvæmdaefirlit og skráningar vegna framkvæmda við golfvöllinn í Grindavík.

Í ágúst hófst skráning á minjum í Þjóðgarðinum á Þingvöllum en þetta er fyrsta ár verkefnisins sem mun líklega standa í nokkur ár. Verkefnið fékk nýlega styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Haustið 2010 fór deildarstjóri á tvo fundi í Englandi vegna Evrópuverkefna en deildin er þátttakandi í fjórum mismunandi verkefnum.

Náttúrustofan er þátttakandi í EASE verkefninu, en fornleifafræðinemarnir sem áður var minnst á voru þátttakendur í því verkefni.

Green Village er verkefni 10 evrópulanda og Kenýu. Markmið verkefnisins er að auka möguleika jaðarbyggða til sjálfbærrar afkomu á ýmsum sviðum. Vefsíða verkefnisins er <http://greenvillage.hylates-eu.com/>.

Celabrating seasons er á sviði fullorðinsfræðslu og eru þáttakendur sendir milli landa til að kynna sér árstíðarbundar hátíðir.

<http://www.grampusheritage.co.uk/Celebrating%20Seasons%20Index.htm>.

From Paint to Pixels er ungmennaverkefni þar sem ungt fólk frá 5 löndum tekur myndir af málverkum og gömlum myndum og tekur svo stafrænar myndir frá sama sjónarhorni og er tilgangurinn að sýna breytingar á menningarlandslagi í Evrópu. Hópur ungmenna fer svo til Englands til að undirbúa samsýningu á þessum verkum og fara tveir starfsmenn fornleifadeildar með hópnum út.

Í lok árs hlaut Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ásamt Náttúrustofu Vestfjarða hæsta styrk úr Þjóðhátíðar sjóði ásamt fjórum öðrum verkefnum. Þessi styrkur gefur okkur möguleika til að halda áfram starfi okkar við skráningu í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Eins og sést á þessari upptalningu voru verkefni ársins fjölbreytt og skemmtileg og gefa góð fyrirheit um árið 2011.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er sjálfstæð stofnun, sem er rekin af Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt samningi við Bolungarvíkurkaupstað og er forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt forstöðumaður Náttúrugripasafnsins. Nánar er fjallað um störf Náttúrugripasafnsins í ársskýrslu Náttúrugripasafnsins 2010.

Ósvör - Sjóminjasafn

Sjóminjasafnið Ósvör er sjálfstæð stofnun, sem er rekin af Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt samningi við Bolungarvíkurkaupstað og er forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt forstöðumaður Ósvarar. Nánar er fjallað um störf sjóminjasafnsins í ársskýrslu Ósvarar 2010.

Samtök Náttúrustofa (SNS)

Alls starfa nú sjö náttúrustofur á landinu, en heimild er í lögum um að starfrækja átta stofur. Fyrsta Náttúrustofan; Náttúrustofa Austurlands hóf starfsemi 1995, en síðan komu ein af annarri, Náttúrustofa Suðurlands (1996), Náttúrustofa Vestfjarða (1997), Náttúrustofa Vesturlands (1999), Náttúrustofa Norðurlands vestra (2000), Náttúrustofa Reykjanes (2000) og síðast Náttúrustofa Norðausturlands (2003). Þó að náttúrustofurnar starfi allar eftir sömu lögum og séu því líkar í grunninn hafa allar þróast eftir aðstæðum og hverjum stað og eru því með mismunandi áherslur. Starfsemi samtakanna er hægt að kynna sér á heimasíðu þeirra <http://www.sns.is>.

Náttúrustofurnar hafa starfað náið saman frá byrjun, en árið 2002 var ákveðið að efla samstarfið enn frekar og þá voru stofnuð Samtök náttúrustofa (SNS). Forstöðumenn Náttúrustofanna skiptast á um formennsku í samtökunum og var forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða kosinn formaður SNS á aðalfundi 2010.

Fræðsluerindi Náttúrustofanna

Sameiginlega standa náttúrustofurnar fyrir opnum fræðsluerindum yfir vetratímenn en erindin eru send víða um land um fjarfundabúnað. Stofurnar skiptast á að halda erindin og var framlag Náttúrustofu Vestfjarða árið 2010. erindið „uppeldisstöð þorskseiða“, sem Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur hélt, en hún er forstöðumaður Rannsókna og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Náttúrustofuþing

Náttúrustofuþing eru haldin einu sinni á ári. Þingin hafa verið haldin síðan 2005 og skiptast náttúrustofunum á að halda þingið. Þingið er annars vegar aðalfundur SNS og hins vegar opin dagskrá. Meginmarkmið með slíkum þingum er að efla samskipti og samvinnu Náttúrustofanna og fjalla um sameiginleg mál þeirra og starfsmanna.

Náttúrustofuþingið var haldið af Náttúrustofu Suðurlands þetta árið og var þingið haldið á Hótel Hvolsvelli. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra var með ávarp á þinginu ásamt fræðsluerindum sem náttúrustofurnar voru með. Fyrirlestrarnir voru mjög fjölbreyttir en þeir fjölluðu um fugla, hreindýr, eldgos, landform, jarðfræði, landslag, veirusjúkdóma í mink og þjóðgarða í sjó.

Sóley Valdimarsdóttir og Kristjana Einarsdóttir voru með erindi frá Náttúrustofu Vestfjarða sem þær nefndu „**Verndargildi landslags**“. Þar skilgreindu þær landslag og aðferðir sem eru notaðar til að meta gildi landslags.

Rannsóknarferðir

Undanfarin ár hafa Náttúrustofunnar farið í eina rannsóknarferð. Valin eru svæði sem ýmist eru lítt könnuð eða fræðilega áhugaverð, þar sem starfsfólk Náttúrustofanna sameinast um að rannsaka mismunandi þætti. Þessar rannsóknarferðir skiptast Náttúrustofunnar líka á að skipuleggja. Markmið þessa ferða er meðal annars að efla samskipti stofanna og vera



Mynd 13. Merkingar á heiðagæsum.

vettvangur til að samræma og kynna aðferðafræði við mismunandi rannsóknir. Farnar hafa verið fjórar ferðir en árið 2010 var farið á Austurland þar sem merktar voru heiðagæsir á Jökuldalsheiði. Alls voru

120 heiðagæsir reknar í rétt og flestar fengu stálmerki á annan fótinn en nokkrir ungar voru of litlir til að hægt væri að merkja þá. Merkingarnar tókust vonum frammar og voru allir ánægðir með ferðina.

Nefndir

Náttúrustofan er í samstarfi við margar stofnanir bæði innan lands og utan, en það fer eftir verkefnum hverju sinni hvað samstarfið er mikið, en auk þess er Náttúrustofan aðili að eftirfarandi nefndum:

Vestfirðir á miðöldum

Náttúrustofa Vestfjarða er aðili að verkefninu Vestfirðir á miðöldum.

Breiðafjarðarnefnd

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 tilnefna Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða einn fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd og er Þorleifur Eiríksson tilnefndur sem fulltrúi þessara aðila í nefndinni og er Trausti Baldursson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefndur til vara.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða er stofnaðili að Fræðslumiðstöð Vestfjarða og situr Þorleifur Eiríksson forstöðumaður í fulltrúaráði Fræðslumiðstöðvarinnar, en til vara er Böðvar Þórisson.

Háskólasetur Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða er stofnaðili að Háskólasetri Vestfjarða og Þorleifur Eiríksson forstöðumaður situr í fulltrúaráði þess, en Böðvar Þórisson til vara.

Niðurlag

Eins og sést á þessari skýrslu hefur starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða vaxið bæði að magni og umfangi. Þar er fyrst og fremst að þakka góðu starfsfólki, sem stofan hefur, en einnig að

Náttúrustofan hefur verið heppin með samstarfsaðila bæði á Vestfjörðum og annars staðar á landinu.

Skýrslur ársins 2010

Margrét Hallmundsdóttir. 2010. Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við

Mjólkárverkjun. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-10. ([pdf.](#))

Margrét Hallmundsdóttir. 2010. Uppmælingar á fornleifum við bæjarhólinn á Nesi á Seltjarnarnesi

vegna deiliskipulags á Vestursvæðum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-10. ([pdf](#))

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2010. Botndýrarannsóknir á þremur svæðum í Arnarfirði

2010. Unnið fyrir Fjarðarlax. Áfangaskýrsla 1. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 3-10.

Ragnar Edvardsson, Thomas H. McGovern, Caroline Paulsen, Konrad Smiarowsky og Albína

Pálsdóttir. 2010. Archaeological Excavations at Qorlortorsuaq 2006. Vettvangsskýrsla.

Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 4-10.

Magnús Rafnsson og Ragnar Edvardsson. 2010. Foreign Whaling in Iceland. Archaeological

Excavations at Strákatangi in Hveravík, Kaldrananeshreppi 2009. Vettvangsskýrsla.

Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 5-10.

Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson. 2010. Fuglar í botni Álftafjarðar í

Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-10.

Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson. 2010. Athugun á botndýrum utarlega í

Dýrafirði 2009. Unnið fyrir Dýrfisk ehf. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-10.

Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson. 2010. Botndýrarannsóknir á þremur svæðum

í Arnarfirði 2010. Unnið fyrir Fjarðarlax. Lokaskýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 8-10.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þrándsdóttir. 2010. Fornleifarannsókn í Nesi við

Seltjörn. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 9-10.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Lóa Antonsdóttir. 2010. Fornleifakönnun vegna veglagningar í

Steingrímsfirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 10-10.

Þorleifur Eiríksson, Cristian Gallo, Hafdís Sturlaugsdóttir og Böðvar Þórisson. 2010. Atugun á leiru

við Stakkanes í botni Steingrímsfjarðar. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða,

NV nr. 11-10.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2010. Frágangur á námu í Vatnsfirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa

Vestfjarða, NV nr. 12-10.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2010. Fornleifakönnun vegna smábátahafnar og frístundabyggðar í

Flatey á Breiðafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-10.

Þorleifur Eiríksson og Guðríður Svava Óskarsdóttir. 2010. Skráning safngripa í Ósvör 2010.

Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 14-10.

- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2010. Fornleifakönnun vegna framkvæmda í Heydal í Mjóafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 15-10.
- Þorleifur Eiríksson, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson. 2010. Botndýraatuganir í Arnarfirði 2010. Unnið fyrir Arnarlax. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 16-10.
- Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson. 2010. Súrefnis-, seltu- og hitamælingar í Arnarfirði í ágúst 2010. Unnið fyrir Arnarlax. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 17-10.
- Böðvar Þórisson. 2010. Athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-10.
- Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2010. Örnefnaskráning í Dalasýslu. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 19-10.
- Þorleifur Eiríksson, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson. 2010. Botndýrarannsóknir í Álfta- og Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi 2009. Unnið fyrir Hraðfrystihús Gunnvarar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20-10.
- Þorleifur Eiríksson, Ólafur Ögmundarson, Guðmundur V. Helgason og Böðvar Þórisson. 2010. Skyldleiki botndýrasamfélaga í Ísafjarðardjúpi. Verkefnið er hluti af stærra verkefni, Íslenskir firðir; *“Náttúrulegt lífríki Ísfjarðardjúps og þolmörk mengunar“*. Náttúrustofa Vestfjarða, Matís og Líffræðistofnun Háskólans, NV nr. 21-10.